

## Lög um kjörbréf og upplýsingar um fjölda atkvæða

### Kjörbréf

Samkvæmt 32. grein laga Lionsumdæmis 109 skal klúbbstjórn fylla út meðfylgjandi kjörbréf og skila með skráningu þingfulltrúa, í síðasta lagi 1. apríl 2021. Í greininni segir:

- *Hver einstakur klúbbur, sem fengið hefur stofnskrá, og er skuldlaus við alþjóðasamtökin, umdæmi sitt og fjölumdæmi, skal eiga rétt á að senda á fjölumdæmisþing, fyrir sína hönd, einn (1) fulltrúa og einn (1) varamann fyrir hverja tíu (10) félagar eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið á félagaskrá í a.m.k. eitt ár og einn dag í viðkomandi klúbbi samkvæmt skráum alþjóðaskrifstofunnar fyrsta dag þess mánaðar sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þing er haldið. Sá meiri hluti, sem nefndur er í ákvæði þessu, skal teljast vera fimm (5) eða fleiri félagar.*
- *Hver einstakur vottaður fulltrúi, sem sjálfur er viðstaddur, skal eiga rétt á að greiða einungis eitt (1) atkvæði í kjöri til hvers embættis sem kjósa þarf í og einungis eitt (1) atkvæði fyrir hvert málefni sem lagt er fyrir viðkomandi þing. Sé ekki öðruvísi tilgreint í lögum þessum leiða atkvæði meirihluta fulltrúa, þegar greidd er atkvæði um málefni, til þess að atkvæðagreiðslan telst vera samþykkt þingsins. Allir kjörgengir fulltrúar verða að vera fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í umdæminu.*
- ***Vangreidd félagsgjöld má greiða og öðlast þannig fullgilda félagsaðild allt að 15 dögum áður en lokað er fyrir staðfestingu kjörbréfa, en tímamörk slíkrar lokunar ákvarðast af reglum viðkomandi þings.***

Dæmi:

5 félagar = 1 atkvæði

15 félagar = 2 atkvæði

25 félagar = 3 atkvæði

35 félagar = 4 atkvæði

45 félagar = 5 atkvæði

55 félagar = 6 atkvæði

Samkvæmt reglunum er miðað við fjölda félaga 1. apríl 2021.